

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um uppbyggingu og opnun Bláfjallavegar.

Frá Árna Rúnari Þorvaldssyni.

- Liggur fyrir mat á því til hvaða framkvæmda og aðgerða þurfi að grípa af hálfu Vegagerðarinnar svo hægt verði að opna Bláfjallaveg að nýju þannig að hann standist öll viðmið er varða vatnsvernd á svæðinu? Ef svo er, liggur fyrir kostnaðarmat á þeim framkvæmdum og aðgerðum?
- Hver er stefna Vegagerðarinnar vegna Bláfjallavegar? Stendur til að opna veginn á nýjan leik og ef svo er, hvenær er stefnt að því að Bláfjallavegur verði opnaður aftur?

Skriflegt svar óskast.